




# Molar

Hagnýtar upplýsingar fyrir  
foreldra barna á  
leikskólaaldri sem  
greinast með einhverfu



Helga Elísabet Guðlaugsdóttir



Til L.R.L. og B.Ó.B.

Þetta hefti er hluti af lokaverkefni mínu til BA prófs við þroskaþjálfabraut Kennaraháskóla Íslands.

Heitið Molar vísar til þess að í ritinu er að finna fræðslumola í stuttu máli sem gætu komið foreldrum að gagni fyrst eftir að barn þeirra greinist með einhverfu.

Aðferðirnar sem fjallað er um voru valdar með það í huga að þær væru einfaldar í framkvæmd og að það væri hægt að grípa til þeirra eftir hentugleikum.

Snemmtæk atferlisþjálfun er af mörgum talin ein áhrifamesta aðferðin við þjálfun og kennslu barna með einhverfu. Aðferðirnar sem hér er að finna má allar nota samhliða henni en koma alls ekki í staðinn fyrir hana.

Bestu óskir, og gangi ykkur vel.  
Helga Elísabet.

# EFNISYFIRLIT

EINHYVERFA.....	6
REYNSLA FORELDRA.....	10
ÞJÓNUSTA OG RÉTTINDI.....	14
Þjónusta Greiningarstöðvar.....	14
Snemmtæk íhlutun.....	17
Þjónusta leikskóla.....	19
Þjónusta TR.....	21
Þjónusta svæðisskrifstofu.....	22
STUÐNINGUR OG FRÆÐSLA.....	23
Umsjónarfélag einhverfra.....	23
Sjónarhóll.....	24
Námskeið á vegum Greiningarstöðvar.....	25
Systkinasmiðjan.....	26
KENNSLA OG UPPELDI.....	23
Atferlisþjálfun.....	27
TEACCH - skipulögð kennsla.....	29
Sjónrænar vísbendingar.....	32
Félagshæfnisögur.....	37
Málörvun.....	42
Tákn með tali.....	44
Samskiptabækur.....	46
Leikir og verkefni.....	50
HEIMILDASKRÁ.....	53

# EINHVERFA

---

Einhverfa er meðfædd fötlun en einkenni hennar sjást oft ekki fyrr en eftir að barnið er orðið 18 mánaða gamalt.

Einhverfa orsakast af röskun á taugaproska sem veldur því að heili fólks með einhverfu vinnur ekki á sama hátt og hjá öðru fólki. Talið er að röskunin hefjist á fósturstigi og geti haldið áfram eftir fæðingu. Einhverfu getur fylgt þroskahömlun og málhömlun en einnig getur fólk með einhverfu náð góðum tókum á máli og fylgt jafnöldrum í vitsmunaproska.

**Börn með einhverfu hafa nokkur sameiginleg einkenni.**

Börn með röskun á einhverfurófi eru jafn mismunandi og þau eru mörg. En þau hafa þó nokkur sameiginleg einkenni. Um er að ræða erfiðleika í félagslegu samspili, frávík í máli og tjáskiptum og sérkennilega og árátukennda hegðun.

**Börn með einhverfu eiga oft erfitt með samskipti við aðra.**

Hjá börnum með einhverfu geta einkenni í félagslegu samspili komið fram þannig að börnin

## Einhverfa

eiga ekki gagnkvæm samskipti við aðra og forðast að mynda augnsamband. Sum börn vilja ekki láta knúsa sig eða sýna lítil viðbrögð við atlotum. Þau eiga erfitt með að skilja svipbrigði þannig að þau vita ekki muninn á brosi og reiðisvip.

**Málproski barna með einhverfu er oft slakari en jafnaldra.**

Börn með einhverfu geta verið sein til máls og tala jafnvel ekki. Stundum er lítil merking í því sem þau segja, þau nota frasa sem þau hafa lært eða endurtaka það sem aðrir segja. Þá er oft talað um bergmálstal.

**Börn með einhverfu sýna oft hegðun sem öðrum þykir undarleg.**

Sérkennileg og áráttukennd hegðun getur komið þannig fram hjá börnum að þau nota leikföng ekki á hefðbundinn hátt heldur endurtaka hreyfingar eins og að snúa leikföngum í hringi eða aka þeim fram og til baka. Börn með einhverfu eru oft mjög vanaföst og eiga erfitt með að takast á við breytingar í umhverfinu. Þess vegna hentar þeim mjög vel að fylgja daglegri rútínu. Undarlegar og endurteknar hreyfingar eru algengar, til dæmis að blaka höndum, rugga sér eða hoppa.

Með því að byrja snemma að þjálfva börn með einhverfu er hægt að bæta lífsgæði þeirra og framtíðarhorfur.

Það er ekki hægt að lækna einhverfu. En í mörgum tilvikum er hægt að draga úr einkennum og auka færni barnanna þannig að þau eigi auðveldara með að fóta sig í lífinu. Atferlisþjálfun hefur gjörbreytt lífi margra barna og fjölskyldna þeirra. Því fyrr sem íhlutun hefst því meiri möguleikar eru á góðum árangri.

**Sjónræn úrvinnsla er styrkur margra barna með einhverfu.**

Mörg börn með einhverfu hafa góða hæfileika til að vinna úr sjónrænum áreitum. Það er styrkleiki sem nýtist vel því hægt er að nota myndir til tjáskipta og útbúa myndrænar stundatöflur og leiðbeiningar. Nánar er fjallað um sjónrænar vísbendingar á blaðsíðum 32-36.

**Reglufesta er styrkleiki.**

Börn með einhverfu þurfa almennt á fyrirsjáanleika og reglufestu að halda. Það er í raun styrkleiki sem hægt er að nota við uppeldi og kennslu. Það veitir barninu öryggi að vita hvað það á að gera, hvenær það er búið og hvað gerist næst.



Einhverfa

Fólk með einhverfu getur þurft stuðning  
alla ævi.

Þrátt fyrir að börn geti náð miklum framförum og  
þroska með góðri þjálfun má reikna með að fólk  
með einhverfu þurfi stuðning allt sitt líf.

# REYNSLA FORELDRA

---

Daglegt líf fjölskyldunnar getur breyst mikið við að eignast barn með einhverfu.

Það getur haft mikil áhrif á fjölskyldulífið að eignast barn með einhverfu. Það getur bæði verið tilfinningalega erfitt og breytt daglegu lífi fjölskyldunnar. Ef barnið sýnir mikla hegðunarerfiðleika getur það aukið álagið á fjölskylduna enn frekar.

Uppeldi barns með einhverfu verður líklega ekki eins og uppleidi annarra barna vegna áhrifa einhverfunnar á hegðun og þroska barnsins. Börn með einhverfu eru þó ekki síður gleðigjafar en önnur börn. Foreldrar barna með einhverfu eru jafn stoltir af börnunum sínum og aðrir foreldrar.

Viðbrögð foreldra við greiningu eru mismunandi.

Foreldrar eru mismunandi fljótir að jafna sig á því að eignast fatlað barn. Sumir ganga í gegnum sorgarferli en aðrir ekki. Sumum finnst eins og himininn hafi hrunið en öðrum finnst þetta ekki vera stórmál.

**Foreldrar geta verið ósáttir en samt fegnir á sama tíma.**

Það er eðlilegt að upplifa neikvæðar tilfinningar og finnast óréttlátt að barnið manns sé fatlað. Þrátt fyrir að margir foreldrar eigi erfitt með að sætta sig við þetta hlutskipti eru þeir á sama tíma fegnir að það sé komin skýring á því hvers vegna barnið þeirra þroskast ekki eins og önnur börn.

**Foreldrar geta fundið fyrir aukinni streitu.**

Streitueinkenni geta komið fram hjá foreldrum. Algeng líkamleg einkenni streitu eru svefntruflanir, vöðvaspenna, höfuðverkur, meltingartruflanir og þreyta.

**Það er mikilvægt fyrir foreldra að fá nægan svefn.**

Það er mikilvægt að foreldrar gleymi ekki að hugsa vel um sjálfa sig. Þegar streitan tekur völdin getur fólk gleymt að nærast vel og á erfitt með svefn. Það aftur á móti getur aukið streitueinkennin svo úr verður vítahringur. Góður svefn veitir hvíld, frið og endurnæringu.

Greiningin getur verið foreldrum mikið áfall.

„Ég man mjög vel eftir andartakinu þegar við settumst inn á skrifstofuna og fengum að heyra niðurstöðuna. Ég man alveg sjokkið. En við vissum samt að hann væri einhverfur. Við vorum bæði búin að lesa okkur til um einhverfu og þetta átti allt svo vel við hann.

Ég upplifði sjökkástand. Ég man ekki eftir því að hafa gengið út af Greiningarstöðinni eða keyrt heim, eða nokkurn skapaðan hlut.

Ég upplifði rosalega gleymsku. Ég bara gat ekki munað neitt og þá er ég að meina að muna tíma sem var búð að panta hjá lækni eða í klippingu eða eitthvað sem átti að gera fyrir utan að vakna og keyra út í bíl og þetta venjulega.“

Það er mikilvægt fyrir foreldra að geta þegið hjálp á erfiðum tímum. Það er einnig gott að tileinka sér aðferðir til að minnka streitu, til dæmis að nota dagbók eða áminningu í farsíma til að gleyma ekki því sem þarf að gera.

## Sumir foreldrar hafa miklar áhyggjur af framtíðinni.

„Það var ekki hvað myndi gerast í leikskólanum eða í skólanum... ég stökk yfir það allt og fór að hafa ofboðslegar áhyggjur af fullorðinsárunum hans, að við myndum deyja á undan honum. Fannst svo sorglegt að hann myndi ekki eiga möguleika á að eignast börn eða fara í háskóla ef það væri það sem hann vildi. Og hvers konar geymslustað hann myndi lenda á. Ég hugsa ekki eins mikið um það núna.“

Það er eðlilegt að hugsa um hvað verður um barnið í framtíðinni. Mun það verða sjálfstæður fullorðinn einstaklingur eða mun það þurfa á mikilli aðstoð að halda? Þróun í búsetumálum fatlaðra hefur tekið miklum breytingum á fáum árum og sífellt er unnið að því að auka framboð á menntun og möguleika á atvinnuþátttöku fatlaðra. Framtíðin er því bjartari nú en áður.

# ÞJÓNUSTA OG RÉTTINDI

---

## Þjónusta Greiningarstöðvar

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins er starfrækt til að tryggja að börn með alvarlegar þroskaraskanir sem geta leitt til fötlunar fái greiningu, ráðgjöf og önnur úrræði sem miða að því að draga úr afleiðingum röskunarinnar.

Grunur um þroskafrávik getur vaknað hjá foreldrum, starfsfólki heilsugæslu eða á leikskóla barnsins.

Oft eru foreldrar fyrstir að taka eftir að þroski barns með einhverfu fylgir ekki þroska jafnaldra þess. Einnig getur grunur vaknað um þroskafrávik í skoðun á heilsugæslu eða hjá starfsfólki á leikskóla barnsins. Sérfræðingar í tengslum við leikskóla geta þá metið hvort einkenni einhverfu séu til staðar og vísað áfram til frekari greiningar eða svokallaðrar frumgreiningar. Einnig er hægt að leita til sérhæfðra barnalækna.

Fjöldi upplýsinga fylgja tilvísun til Greiningarstöðvar.

## **Þjónusta og réttindi**

Áður en barni er vísað til Greiningarstöðvar þarf frumgreining að hafa farið fram. Frumgreining er til dæmis gerð á Miðstöð heilsuverndar barna.

Mikið af upplýsingum þarf að fylgja tilvísun á Greiningarstöð. Það þarf að fylgja þroskasaga og lýsing á núverandi hegðun barnsins, mat á vitsmunabroska og aðlögunarfærni og upplýsingar frá leikskóla um samskiptafærni (ef við á). Þá þurfa að koma fram upplýsingar um hvort barnið á systkini með einhverfu. Einnig fylgja gögn um skoðun barnalæknis, heyrnarmælingu, og mat á málþroska. Að lokum þurfa að fylgja upplýsingar um hvort heilkenni, raskanir í taugabroska eða sjúkdóma sem hafa þekkt tengsl við einhverfu séu til staðar.

**Starfsmaður Greiningarstöðvar hefur samband við foreldra þegar tilvísun hefur borist þangað.**

Þegar tilvísun hefur verið vísað til fagsviðs einhverfu á Greiningarstöð fá foreldrar sent bréf þess efnis og einnig kynningarbækling Greiningarstöðvar. Fljótlega eftir það hringir starfsmaður greiningarsviðs í foreldra. Næstu skref eru að afla upplýsinga um allar rannsóknir sem hafa verið gerðar á barninu og lýsing á hegðun og þroska er fengin frá foreldrum, leikskólum og hugsanlega fleiri aðilum. Myndbandsupptökur og spurningalistar eru notuð til þess.

## Þjónusta og réttindi

Greiningarferlið tekur um tvo til fimm daga.

Þá hefst formlegt greiningarferli. Þar er um að ræða læknisskoðun, svokallað greiningarviðtal við foreldra, athugun á hegðun barnsins, þroskamat og mat á aðlögunarhæfni. Þessar athuganir taka að minnsta kosti tvo til fimm daga.

Þegar niðurstöður liggja fyrir er haldinn fundur með foreldrum.

Foreldrum er gerð grein fyrir niðurstöðunum þegar þær liggja fyrir. Ef óskað er, er rætt við systkini, ömmur og afa og jafnvel aðra ættingja. Foreldrum eru kynnt félagsleg réttindi og þjónusta og skrifuð vottorð og bréf sem nauðsynleg eru.

Þá eru kynntar þarfir barnsins varðandi íhlutun.

Óskað er eftir stuðningi við barnið í leikskóla í samræmi við réttindi til leikskólagöngu og svæðisskrifstofu málefna fatlaðra er gert viðvart um nýjan þjónustunotanda. Ef barnið er þegar byrjað í leikskóla er haldinn fundur með starfsfólki leikskólans, ráðgjafarþjónustu sveitarfélagsins og svæðisskrifstofu og annarra aðila sem koma að málum. Snemmtæk íhlutun er hafin.



# Snemmtæk íhlutun

Snemmtæk íhlutun þýðir að það er byrjað að vinna á markvissan hátt með barninu og fjölskyldu þess þegar barnið er á leikskólaaldri. Íhlutun á að hefjast um leið og grunur vaknar um þroskafrávik.

Snemmtæk íhlutun byrjar strax á meðan barnið er ungt.

Snemmtæk íhlutun hefur að markmiði að hafa jákvæð áhrif á þroskaframvindu barna eins snemma og hægt er. Þær íhlutunaraðferðir sem viðurkenndar eru hér á landi fyrir börn með einhverfu eru skipulögð kennsla (TEACCH) og snemmtæk atferlisþjálfun. Nánar er fjallað um þessar aðferðir í kaflanum Kennsla og uppeldi.



## **Þjónusta og réttindi**

### **Þjónustuáætlun er gerð fyrir barnið.**

Þjónustuáætlun er nokkurs konar samningur um alla þjónustu sem barnið og fjölskyldan fær, til dæmis frá leikskóla, Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra og Greiningarstöð en einnig ýmsum sérfræðingum eins og sálfræðingi, iðjuþjálfara, sjúkrapjálfa og talmeinafræðingi.

### **Þjónustuteymi er stofnað fyrir barnið.**

Í þjónustuteymi eru foreldrar, ráðgjafi frá Greiningarstöð og aðrir þeir sem koma að þjónustu við barnið og fjölskylduna samkvæmt þjónustuáætluninni. Þar eru til dæmis þeir sem koma að daglegri þjálfun og kennslu í leikskólanum. Þjónustuteymið hittist reglulega til að samræma markmið og miðla upplýsingum.

### **Barnið fær áfram þjónustu.**

Þegar snemmtækri íhlutun lýkur hefst eftirfylgd þannig að barnið fær áframhaldandi þjónustu eftir þörfum eftir að leikskólagöngu lýkur.

# **Þjónusta leikskóla**

Fötluð börn eiga rétt á að fara í almennan leikskóla.

Fötluð börn eiga rétt á leikskóladvöl á vegum sveitarfélaga. Hana á að veita í almennum leikskólum með nauðsynlegri stuðningsþjónustu eða á sérhæfðum deildum undir handleiðslu sérfræðinga.

Börn með sérþarfir eiga rétt á viðeigandi þjálfun í leikskólanum.

Börn með sérþarfir eiga rétt á aðstoð og þjálfun af hendi sérfræðinga innan leikskólans. Foreldrar og starfsfólk leikskóla eiga að fá ráðgjöf og þjónustu frá ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu viðkomandi sveitarfélags. Leikskólar eiga að vera þannig byggðir og reknir að þeir geti sinnt fötluðum börnum.

## **Lög og reglugerðir:**

Lög um málefni fatlaðra 59/1992

Lög um leikskóla nr 77/1994

reglugerð um starfsemi leikskóla nr 225/1995

## **Þjónusta og réttindi**

**Leikskólinn á að stuðla að því að fötluð börn aðlagist barnahópnum.**

Í Aðalnámskrá leikskóla segir að leikskólinn eigi að taka tillit til þarfa hvers einstaks barns svo það geti notið sín á sínum eigin forsendum í hópi annarra barna.

Sérstakt tillit á að taka til barns sem er á einhvern hátt fatlað eða býr við tilfinningalega- og/eða félagslega erfiðleika. Gæta þarf þess að barn einangrist ekki og aðlagist vel barnahópnum.

**Greiningarstöðin veitir starfsfólki leikskólans ráðgjöf.**

Greiningarstöð er í góðu samstarfi við leikskóla og veitir ráðgjöf til þeirra sem sjá um þjálfun fatlaðra barna þar. Leikskólar eiga að veita nemendum með sérþarfir þá þjónustu sem þeir þurfa á að halda.

# Þjónusta TR

Tryggingastofnun er ein af undirstöðum íslenska velferðarkerfisins því hún sér um framkvæmd almannatrygginga.

Tryggingastofnun veitir barnafjölskyldum ýmsa aðstoð, bæði almenna aðstoð og svo sértæka aðstoð til foreldra barna með sérþarfir.

Almenn aðstoð er til dæmis:

Lægri greiðslur fyrir lækniþjónustu, afsláttarkort og niðurgreiðsla vegna tannlækninga.

Sértæk aðstoð getur falið í sér:

- Umönnunargreiðslur
- Umönnunarkort
- Sjúkra- og talþjálfun
- Ferðakostnað
- Dvalarkostnað
- Lyfjaskírteini

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu Tryggingastofnunar

**[www.tr.is](http://www.tr.is)**

undir liðnum Foreldrar og börn.

## Þjónusta Svæðisskrifstofu

Svæðisskrifstofan er miðstöð allrar starfsemi fyrir fatlaða á hverju svæði. Þær bera fjárhagslega ábyrgð á rekstri heimila og stofnana sem ríkið rekur fyrir fólk með fötlun.

Svæðisskrifstofa á að útvega fötluðum börnum og aðstandendum þeirra stuðning og ráðgjöf.

Svæðisskrifstofa annast mat á umönnunarþörf fatlaðra barna og mat á þörf fyrir fjárhagsaðstoð þegar þarf að kaupa sérstök tæki vegna fötlunar. Svæðisskrifstofu ber einnig að sjá um að fatlaðir og aðstandendur þeirra fái stuðning og ráðgjöf eins og þeir eiga rétt á.

Lesið má nánar um hlutverk  
svæðisskrifstofa á vef  
félagsmálaráðuneytisins  
**[www.felagsmalaraduneyti.is/  
malaflokkar/](http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/)**  
undir liðnum Málefni fatlaðra.

# STUÐNINGUR OG FRÆÐSLA

## Umsjónarfélag einhverfra

Umsjónarfélag einhverfra er hagsmunafélag og vettvangur fyrir gagnkvæman stuðning aðstandenda barna

Umsjónarfélag einhverfra var stofnað árið 1977 af fagaðilum og foreldrum einhverfra barna. Félagsmenn eru foreldrar, aðstandendur og fagfólk auk annara sem vilja stuðla að bættum hag fólks með röskun á einhverfurófi. Félagið er einnig vettvangur fyrir gagnkvæman stuðning aðstandenda einhverfra og starfræktir eru stuðningshópar sem hittast einu sinni til tvisvar í mánuði.



Umsjónarfélag einhverfra

Upplýsingar um félagið og einhverfu er að finna á vef Umsjónarfélagsins  
**[www.einverfa.is](http://www.einverfa.is)**

Stuðningur og fræðsla fyrir foreldra

## Sjónarhóll

Á Sjónarhóli geta foreldrar fengið ráðgjöf fagfólks um fatlanir, réttindi og þjónustu í boði.

Sjónarhóll er ráðgjafarmiðstöð fyrir fjölskyldur barna með sérþarfir.

Starfsfólk Sjónarhóls hefur yfirsýn yfir málefni barna með sérþarfir. Það getur veitt foreldrum upplýsingar um viðkomandi fötlun, réttindi og þjónustu eða hvar hægt er að leita þeirra.

Á Sjónarhóli er fjölskyldum hjálpað að komast í kynni við aðrar fjölskyldur sem búa við svipaðar aðstæður.



Vefsíða Sjónarhóls er  
[www.sjonarholl.net](http://www.sjonarholl.net)



Stuðningur og fræðsla fyrir foreldra

## Námskeið á vegum Greiningarstöðvar

Greiningarstöðin heldur námskeið fyrir foreldra barna sem nýlega hafa fengið greiningu.

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins heldur reglulega foreldranámskeið fyrir foreldra ungra fatlaðra barna.

Á námskeiðinu er sagt frá orsökum fatlana og hvernig greiningarferlið er. Sálfræðingur kemur og fjallar um álag sem foreldrar geta upplifað í ljósi áfallakenninga og félagsráðgjafi segir frá áhrifum fötlunar á fjölskylduna. Að lokum kemur foreldri fatlaðs barns og segir frá sinni reynslu. Á námskeiðinu ræða foreldrar einnig saman í minni hópum.

Þessi námskeið eru foreldrum að kostnaðarlausu.

Önnur námskeið á vegum Greiningarstöðvar eru til dæmis námskeið um atferlisþjálfun og skipulögð vinnubrögð.

Sjá nánar á vefsíðu Greiningarstöðvar:

**[www.greining.is](http://www.greining.is)**

# Systkinasmiðjan

Systkinasmiðjan er vettvangur fyrir systkini barna með sérþarfir til að hitta önnur börn með svipaða reynslu.

Í Systkinasmiðju er leyfilegt að hafa skoðanir á fötlun eða veikindum og fá útrás fyrir tilfinningar gagnvart ástandi systkinanna. Systkinasmiðjan er skemmtileg og lífleg. Þar fara fram leikir, matseld, gestir koma í heimsókn o.s.frv. Systkinasmiðja er ekki meðferð en hefur þó oft meðferðarlegt gildi fyrir börnin.

Það er mikilvægt að börnin viti að þau megi skammast sín fyrir óviðeigandi hegðun systkina sinna. Eðlilegir árekstrar systkina valda ekki eftirsjá þegar um ófötluð börn er að ræða. En þegar systkini er fatlað gegnir öðru máli. Systkinasmiðjan hjálpar börnum að takast á við neikvæðar tilfinningar.



Vefsíða Systkinasmiðjunnar er  
[www.verumsaman.is](http://www.verumsaman.is)

# KENNSLA OG UPELDI

## Atferlisþjálfun

Atferlisþjálfun er áhrifarík íhlutunaraðferð fyrir börn með einhverfu.

Atferlisþjálfun er sú aðferð sem talið er að hafi skilað bestum árangri við þjálfun barna með einhverfu. Aðferðin byggir á hagnýtri atferlisgreiningu en hún felur í sér að fjöldi kennslustunda séu a.m.k. 30-40 kennslustundir á viku og að nemandinn sé einn með þjálfaranum mestallan tímann.

Atferlisþjálfari vinnur eftir markvissri þjálfunaráætlun sem hefur verið gerð fyrir barnið.

Atferlisþjálfun byggist á mjög skipulögðum og markvissum vinnubrögðum. Atferlisþjálfari vinnur eftir þjálfunaráætlun sem hefur verið gerð fyrir barnið. Þar er námsefninu skipt niður í þætti eins og grófhreyfingar, fínhreyfingar, tjáningu o.s.frv. Hverjum þætti er svo skipt í undirþætti. Grófhreyfingar geta þá til dæmis haft undirþættina að ganga upp og niður tröppur, hlaupa og hoppa.

## Kennsla og uppeldi

smærri þætti, til dæmis að geta fyrst gengið niður tröppur með því að halda í handrið en smám saman er barninu kennt að sleppa handriðinu þar til það getur gengið óstutt niður tröppurnar. Með þessari aðferð lærir barnið smám saman þá færni sem stefnt er að.

## Þjálfun fer fram í mörgum stuttum kennslulotum.

Ein kennslulota samanstendur af fjórum eftirfarandi hlutum: 1) fyrirmælum, 2) svörun barns, 3) viðbrögð þjálfara við svörun barns og 4) stuttu hléi áður en næstu fyrirmæli eru gefin.

Kennslulota gæti farið svona fram:

1. Þjálfari: Lyftir höndum upp og segir “Gerðu eins!”
2. Barn: Lyftir höndum upp.
3. Þjálfari: Gefur barni rúsínu og segir glaðlega “Flott hjá þér!”
4. Stutt hlé.



Eftir nokkrar lotur er tekið lengra hlé þar sem barnið fær að leika sér frjálst. Almennt eru þjálfunarstundir ánægjulegar fyrir barnið.

# TEACCH - skipulögð kennsla

Markmið TEACCH er að auka færni, sjálfstæði og áhuga einstaklingsins og auka skilning með því að gera umhverfið skiljanlegra.

Kennsluáætlun er byggð á styrkleikum barnsins.

TEACCH byggir á því að flest fólk með einhverfu búi yfir ákveðnum eiginleikum, bæði jákvæðum og öðrum sem geta valdið erfiðleikum. Kennsluáætlun er gerð út frá styrkleikum hvers einstaklings. Helstu styrkleikar sem byggt er á eru:

- Sjónrænn styrkleiki
- Þörf fyrir skipulag og endurtekningu
- Sérstök áhugamál

Aðferðir TEACCH mæta þörfum barna með einhverfu.

Skipulögð kennsla felur í sér fimm aðferðir sem eru sniðnar að einkennum einhverfu.

- Skipulagt umhverfi
- Stundatöflu eða dagskrá
- Vinnukerfi
- Sjónrænar vísbendingar
- Endurtekningu

## Skipulagt umhverfi segir til um hvað á að gera á hverju svæði.

Með skipulögðu umhverfi veit barnið hvað það á að gera á hverju svæði. Til dæmis á bara að borða í matsal, bara vinna á vinnusvæði og bara hvíla sig í hvíldarherbergi. Svæðin eru merkt á þann hátt sem barnið skilur, með sjónrænum vísbendingum.



Sjónræn stundatafla veitir barninu öryggi með því að gera viðburði dagsins fyrirsjáanlega.

Stundataflan er meðal annars gerð til að gera skipulag dagsins skýrt, tryggja fyrirsjáanleika og auka sjálfstæði. Stundatafla getur einnig boðið upp á val eða samninga þegar barnið fær að velja hvað það gerir um daginn. Fyrirsjáanleiki getur hjálpað til við að auka öryggi og draga úr hegðunarvanda.

Verkefni eru sett upp í vinnukerfi með sjónrænum stuðningi.

Vinnukerfi er sett þannig upp að barnið viti hvar það á að vera, hvað það á að gera, hvað mikið það þarf að gera og hvernig og hvað gerist næst. Verkefni eru til dæmis sett í körfur og raðað þannig að þau eru unnin frá vinstri til hægri. Myndir eða litakerfi eru notuð til að flokka verkefnin og útskýra þau.



Flokkunarverkefni unnið frá vinstri til hægri.

Sjónrænar vísbendingar eru notaðar vegna þess að börn með einhverfu eiga auðveldara með að skilja það sem þau sjá en heyra. Nánar er fjallað um sjónrænar vísbendingar í næsta kafla.

# Sjónrænar vísbendingar

Sjónrænar vísbendingar eru myndir eða hlutir sem barnið skilur.

Það er auðveldara fyrir börn með einhverfu að skilja það sem þau sjá en töluð orð. Með því að nota sjónrænar vísbendingar og töluð orð saman kemst merking töluðu orðanna frekar til skila.

Sjónrænar vísbendingar geta hjálpað börnum með röskun á einhverfurófi að skilja heiminn betur.

Sjónrænar vísbendingar geta verið hlutir, ljósmyndir, myndir úr tímaritum, teikningar, PCS myndir eða skrifuð orð (PCS myndir eru myndir sérstaklega hannaðar til boðskipta). Sjónrænar vísbendingar eru notaðar vegna þess að börn með einhverfu eiga oft auðveldara með að skilja það sem þau sjá en heyra. Stundum koma upp árekstrar þegar barnið skilur ekki hvað það á að gera.

PCS myndir eru frá Mayer-Johnson og einnig tölvuforritið Boardmaker sem nota má til að gera gögn með sjónrænum vísbendingum. Vefslóðin er: [www.mayer-johnson.com](http://www.mayer-johnson.com).



## Kennsla og uppeldi



Það er hægt að búa til stundatöflu með myndum eða hlutum.

Sjónrænar vísbendingar má nota til að sýna barninu hvað það á að gera, til dæmis með því að búa til stundatöflu sem sýnir það sem er í vændum, t.d. háttatími eða leiðbeiningar um ákveðna athöfn eins og hvernig á að þvo hendur.

Hér til hliðar er stundatafla þar sem notaðar eru PCS myndir.



Barnið getur lært að nota myndir eða hluti til að velja hvað það langar að gera.

Sjónrænar vísbendingar eru oft notaðar til að hjálpa barni að velja á milli tveggja eða fleiri athafna eða hluta.

**Dæmi um val með PCS myndum:**



Myndir verða að vera einfaldar.  
Aukahlutir á myndinni trufla.



**Bolti**



**Bolti eða maður?**

Ápreifanlegir hlutir eru einfaldasta útgáfan af sjónrænum vísbendingum.

Dæmi um hluti sem hægt er að nota

Athöfn	Hlutur
Að borða	Skeið
Að púsla	Biti úr púsluspili
Að fara út að leika	Vettlingur



Tímavaki er klukka sem sýnir tíma á myndrænan hátt.

Jón á að borða kvöldmat eftir 40 mínútur. Hann má leika sér í tölvunni þangað til. Tímavakinn sýnir honum hvað hann á langan tíma eftir til að leika sér í tölvunni. Þegar rauða skífan er horfin veit hann að nú er kominn kvöldmatur.

Tímavaki fæst t.d. í Skólavörubúðinni.



## Fyrstu skrefin í notkun sjónrænna vísbendinga:

- Mikilvægt er að byrja smátt.
- Veljið mynd eða hlut sem barnið og aðrir í umhverfi þess skilja.
- Byrjið á að nota sjónrænar vísbendingar sem tengjast einhverju sem barnið hefur áhuga á.

Þannig er líklegra að vel gangi í upphafi.

## Félagshæfnisögur

Félagshæfnisögur eru aðferð til að kenna börnum á einhverfurófi félagslega færni.

Félagshæfnisögur geta hjálpað börnum að haga sér á viðeigandi hátt.

Félagshæfnisögur eru oft um félagslegar aðstæður sem eru barninu erfiðar. Í sögunum er sagt á jákvæðan hátt hvernig barnið getur tekist á við aðstæðurnar og komið út sem sigurvegari. Sögurnar eru skrifaðar um sérstakar aðstæður en ekki hegðun almennt.

Félagshæfnisögur eru búnar til með þarfir barnsins í huga.

Sögurnar eru stuttar og einstaklingsmiðaðar. Þær eru á einföldu máli og gjarnan myndskreyttar til að auka skilning barnsins.

**Félagshæfnisögur geta kennt börnum að fara eftir reglum.**

Félagshæfnisögur má nota til að kenna reglur og gildi sem við búum við. Dæmi um slíkt eru kurteisisreglur eins og að segja afsakið þegar maður hefur ropað. Á sama hátt má gera sögu um að það eigi að leika fallega með dótið sitt í staðinn fyrir að skemma það.

**Félagshæfnisögur geta undirbúið barnið fyrir aðstæður sem það hræðist.**

Félagshæfnisögur geta undirbúið barnið fyrir aðstæður sem því þykja óþægilegar. Til dæmis er hægt að skrifa sögu um að fara til tannlæknis. Þá er best að lesa söguna nokkrum sinnum við öruggar aðstæður og svo áður en farið er til tannlæknisins.

**Gott er að byrja á að búa til félagshæfnisögur sem hrósa barninu.**

Félagshæfnisögur eru ekki bara notaðar til að taka á vandamálum. Þær má líka nota til að að segja barninu hvað það er duglegt. Í slíkum sögum eru

## Kennsla og uppeldi

engar leiðbeiningar um hvernig á að haga sér. Það er æskilegt að byrja á að nota sögur um atvik þar sem barnið stóð sig vel áður en þær eru notaðar til að leiðbeina barninu um hegðun.

**Ákveðnar reglur eru um hvernig á að semja félagshæfnisögu.**

Félagshæfnisögur Carol Gray eru byggðar upp eftir ákveðnum reglum. Sögurnar eiga að hafa titil sem lýsir umfjöllunarefninu vel. Fjórar gerðir af setningum mynda félagshæfnisögu. Á næstu blaðsíðu er dæmi um félagshæfnisögu og hvernig setningar byggja hana upp.

Nákvæmari leiðbeiningar um gerð félagshæfnisagna má finna í bók Bryndísar Sumarliðadóttur, **Félagshæfnisögur** sem fæst hjá Umsjónarfélagi einhverfra.

Kennsluvef um félagshæfnisögur er að finna á slóðinni <http://nemendur.khi.is/hallhinr/lokaverkefni.htm>

## Má ég vera með?

1. Ég heiti Emil.

2. Ég er 5 ára.

3. Krakkarnir í  
Grænarði leika sér saman.



4. Stundum gleymi ég mér og meiði  
aðra krakka.



5. Það er betra að vera góður.



6. Þegar ég vil leika með börnunum get  
ég spurt:

Má ég vera með?



7. Það er miklu betra.



8. Þá getum við leikið okkur saman.

9. Börnunum á Grænarði  
finnst gaman að leika sér.





## Kennsla og uppeldi

**Lýsandi setningar** eru grunnur félagshæfnisögunnar. Setningar númer 1-4 eru lýsandi setningar.

**Leiðbeinandi setningar** eru jákvæðar uppástungur um hvernig barnið getur hagað sér í tilteknum aðstæðum. Setningar númer 5, 6 og 8 eru leiðbeinandi setningar.

**Jákvæðar setningar** endurspeglar sameiginleg gildi í menningu okkar. Setning númer 7 er jákvæð setning.

**Viðhorfssetningar** segja hvað öðru fólki finnst. Setning númer 9 er viðhorfssetning.

# Málörvun

Það er ekki til ein málörvunaraðferð sem hentar öllum. Í sumum tilvikum er hægt að nota sömu aðferðir til málörvunar og foreldrar nota almennt með börnum sínum eins og að syngja vísur og lesa bækur. En þegar þær aðferðir duga ekki til má reyna óhefðbundnar tjáskiptaleiðir.

**Venjulegar aðferðir til að örva málproska barna eru til dæmis að:**

Lesi eða skoði bækur við hæfi með börnunum og staldra við og tala um efni þeirra.

Syngja vísur og fara með þulur.

Tala við barnið um það sem verið er að gera með því, t.d. ef verið er að útbúa morgunverð er hægt að lýsa athöfninni: „Fyrst setjum við kornflex í skálina og svo hellum við mjólkinni yfir. Nú geturðu borðað morgunmatinn.“

Ef barn talar í stuttum setningum er gott að lengja setningarnar. Til dæmis ef barnið segir „stór bíll“ er hægt að bæta við „já stóri vörubíllinn keyrir hratt“.

Mikilvægt er að virkja barnið til tjáningar, t.d. með því að spyrja opinna spurninga (spurninga sem ekki er hægt að svara bara með já eða nei).

**Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir hjálpa börnum sem eiga erfitt með að segja orð að þróa mál og tjá sig.**

Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir henta vel til að styðja við málþroska barna með einhverfu. Í sumum tilvikum hentar að nota Tákni með tali en einnig eru notuð benditákni sem geta verið hvort sem er í formi hluta eða mynda.

**Börn sem fara í atferlisþjálfun fá mikla málörvun.**

Börn sem eru í atferlisþjálfun fá mikla málörvun þar sem færni er þrepaskipt allt frá því að herma eftir hljóðum upp í að barnið geti spurt hv-spurninga og botnað setningar eins og „ef ég er þreyttur þá.... (fer ég að sofa)“

**Samskiptabækur má nota sem tæki til málörvunar.**

Samskiptabækur gefa tækifæri til spjalls og upprifjunar en í þær skrifa þeir sem annast barnið um viðburði dagsins og jafnvel myndskreyta frásögnina til að gera hana skiljanlegri fyrir barnið.

# Tákn með tali

Tákn með tali (TMT) er tjáningaraðferð þar sem töluð orð, látbragð, svipbrigði og tákn eru notuð í bland.


Einföld tákn eru notuð með töluðu máli.

Í TMT eru táknin alltaf notuð til að styðja við talað mál. Táknin gera töluðu orðin sýnileg svo það er auðveldara fyrir barnið að skilja merkingu þeirra. Þótt barn nái ekki tökum á að tákna sjálfst getur það samt haft skilning á merkingu tákna.

TMT getur þjálfað barnið í að herma eftir.

Hægt er að byrja að nota TMT með mjög ungum börnum og það getur verið sniðugt að nota tákn til að þjálfa eftirhermun. Best er að fyrstu táknin sem barn lærir tengist daglegu lífi barnsins. Það eru til dæmis táknin mamma, pabbi, duglegur, borða og sofa.

Námshagnastofnun hefur gefið út Tákn með tali orðabók og tölvuforrit sem auðveldar verkefnavinnu og kennslugagnagerð.



## Kennsla og uppeldi

Aðalatriðin í hverri setningu eru táknuð en ekki hvert einasta orð. Til að byrja með er gott að tákna bara eitt orð í hverri setningu. Dæmi: Hvar er bangsi? Viltu mjólk að drekka?

Ef barnið á að læra að nota TMT verða þeir sem umgangast barnið mest að vera duglegir að nota það.

### Mikilvæg atriði:

- Barn lærir ekki að nota TMT nema það sjái aðra gera það.
- Mikilvægt er að flestir sem barnið umgengst noti TMT.
- Best er að fyrstu tákni sem barn lærir tengist daglegu lífi barnsins
- Fyrstu tákni verða að byggja á einföldum hreyfingum.
- Það getur liðið nokkur tími þar til barnið byrjar sjálft að nota tákni sem það hefur lært.



Á vefsíðunni [tmt.is](http://tmt.is) eru leiðbeiningar og fræðsluefni um notkun TMT. Þar eru líka orðalistar þar sem tákni eru sýnd með hreyfimyndum.

# Samskiptabækur

Samskiptabók er venjuleg stílabók sem fylgir barninu að heiman og á leikskólann eða aðra staði sem barnið fer á. Þeir sem sinna barninu skrifa um viðburði dagsins.

Samskiptabók er eins konar dagbók þar sem er skrifað um það sem barnið hefur verið að gera yfir daginn.

Hér verður fjallað um samskiptabókina sem hjálpartæki til tjáskipta. Stundum eru samskiptabækur notaðar til að miðla upplýsingum á milli foreldra og stofnana. Þá eru þær ekki notaðar sem tæki til málörvunar.

Samskiptabók hjálpar til við að spjalla við barnið.

Með því að lesa samskiptabókina með barninu geta foreldrarnir til dæmis spjallað við barnið um daginn í leikskólanum og starfsfólkið á leikskólanum getur rifjað upp með barninu hvað það gerði skemmtilegt um helgina.

Gerum bókina þannig að barninu finnist gaman að lesa hana með okkur.

### **Skrifum um jákvæða atburði.**

Skrifað er í fyrstu persónu (ég lék mér með kubba). Helst er bara skrifað um jákvæð atriði í samskiptabókina, hvað barnið var duglegt og það sem það gerði skemmtilegt.

### **Myndskreytum frásögnina.**

Sniðugt er að myndskreyta og nota ljósmyndir eða PCS myndir sem barnið skilur.



Á næstu síðu er dæmi um hvernig blaðsíða í samskiptabók gæti litið út.

PCS mynd

Þriðjudagur 12. janúar



Í dag fór ég í leikskólann.



Það var gott veður og allir krakkarnir fóru út að leika sér. Ég var ánægður með það og var duglegur að leika mér.

Ég borðaði hamborgara í hádeginu. Namm namm!



Eftir matinn var ég að leika mér með kubbana.



Svo fór ég heim eftir góðan dag.



Kveðja, Þjóssi og Nína.



## Kennsla og uppeldi

Bjössí á þessa samskiptabók.  
Nína styður Bjössa á leikskólanum og  
skrifar í bókina fyrir hann.

Þarna eru notaðar PCS myndir af  
rennibraut og kubbi, ljósmyndir af  
leikskólanum og heimili Bjössa og  
teikning af hamborgara.

Nína skrifar í fyrstu persónu svo það  
er eins og Bjössí hafi skrifað sjálfur.  
Hún kvittar fyrir sig svo sjáist hver  
skrifaði fyrir Bjössa.

# Leikir og verkefni

Leikur er aðferð barna til að gera tilraunir og æfa færni sína - að læra á heiminn. Börn með einhverfu leika sér oft ekki á hefðbundinn hátt. Því er mikilvægt að hjálpa þeim að leika sér til að þau fái tækifæri til að þroskast í gegnum leik eins og önnur börn.

Umhverfið getur haft áhrif á einbeitingu barns í leik. Foreldrar geta breytt umhverfinu þannig að barnið eigi auðveldara með að einbeita sér.

Það gæti reynst vel að skipuleggja leikumhverfi barnsins heima fyrir. Hér eru nokkur atriði sem er gott að hafa í huga.

Þegar foreldrar skipuleggja leik fyrir barn með einhverfu þarf að gæta þess að enda leikinn áður en barnið missir áhugann.

Það gæti verið þægilegra fyrir barnið að leika sér á gólfinu en sitjandi við borð.

Hugsanlega getur barnið einbeitt sér betur að leik ef það snýr að vegg heldur en þegar það horfir yfir herbergi.

Fjölbreyttir leikir styðja við þroska barna. Hér eru nokkrar hugmyndir.

### Verkefni sem þjálfar fínhyringar og skynjun

Leika með leir.

Mála eða lita.

Leita að hlutum í bala með ósoðnum hrísgrjónum.

### Verkefni sem þjálfar rýmisskynjun, skipulagningu og flokkun



Púsla púsluspil við hæfi.

Leika með flokkunarílát.

Leika með kubba sem er hægt að raða ofan í og ofan á hvern annan.

Byggja úr kubbum - bæði hægt að nota kubba sem festast saman. eins og Lego og trékubba.



### Grófhreyfingar innan dyra - þjálfun grófhreyfinga og jafnvægisskyns

Leika með bolta.

Hoppa, t.d. niður af sófa á dýnu eða púða.

Ganga eftir þrautabraut - hægt er að búa til jafnvægislínu með málningarlímbandi, raða bókum á gólf til að stíga á og skríða undir borð.

## Leikur utandyra - þjálfun grófhreyfinga og jafnvægis-skyns

Róla  
Renna í rennibraut  
Leika í sandkassa  
Ganga upp og niður tröppur  
Klifra í kastala



## Tónlist - þjálfar hlustun, skynjun og hreyfing

Dansa  
Syngja lög með hreyfingum  
(hægt að nota Tákni með tali)  
Spila á hljóðfæri, t.d. trommur,  
hristur, sílófón eða flautu



## Ýmis leikföng sem geta hentað börnum með einhverfu:

Leikföng sem búa til hljóð  
Tæki sem er hægt að snúa eða hrista  
Sápukúlur  
Blöðrur  
Leikföng þar sem ýtt er á takka og upp kemur dót  
Vatnsfata sem leikfang er látið detta ofan í.

# HEIMILDASKRÁ

- Anderson, S.R., Taras, M. og O'Malley Cannon, B. (1996). Teaching new skills to young children with autism. Í C. Maurice, G. Green og S. C. Luce (Ritstj.), *Behavioral intervention for young children with autism: A manual for parents and professionals* (bls. 181-194). Austin: Pro-Ed.
- Anna María Gunnarsdóttir. (e.d.). *Örvum málið*. Óútgefin gögn.
- Autism Research Institute (2004). *Advice for Parents of Young Autistic Children*. Sótt 10. mars 2008 af <http://www.autism.org/adviceforparents.html>.
- Björk Alfreðsdóttir og Sigrún Grendal. (1998). *Tákn með tali*. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Brynhildur G. Flóvenz. (2004). *Réttarstaða fatlaðra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Division TEACCH. (2006). *What is TEACCH?* Sótt 10. mars 2008 af <http://www.teacch.com/whatis.html>.
- Downing, J.E. (2004). Communication Skills. Í F.P. Orelove, D. Sobsey og R.K. Silberman (Ritstj.), *Educating Children with Multiple Disabilities* (4. útgáfa) (bls. 529-561). Baltimore: Paul H. Brookes Publishing co.
- Elsa Sigríður Jónsdóttir. (2003). Milli vonar og ótta. Í Rannveig Traustadóttir (Ritstj.), *Fötlunarfræði: Nýjar íslenskar rannsóknir* (bls. 55-71). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Evald Sæmundsen. (2003, ágúst). *Einhverfa og skyldar raskanir*. Sótt 10. mars 2008 af [http://www.greining.is/greiningarstod.nsf/pages/umf\\_einhverfa.html](http://www.greining.is/greiningarstod.nsf/pages/umf_einhverfa.html).

## Heimildaskrá

- Evald Sæmundsen og Stefán J. Hreiðarsson. (2001). Einhverfa og skyldar þroskaraskanir. Í *Einhverfa og skyldar þroskaraskanir – Grunnámskeið*. Óútgefið handrit.
- Félagsmálaráðuneytið. (e.d.). *Sveitarfélög sem tekið hafa að sér málefni fatlaðra*. Sótt 15. apríl 2008 af <http://www.felagsmalaraduneyti.is/malaflokkar/malefni-fatladra/svaedisskrifstofur/nr/1099>.
- Frost, L. og Bondy, A. (2002). *The Picture Exchange Communication System: Training Manual* (2. útgáfa). Newark: Pyramid Educational Products, Inc.
- Ganz, J.B. og Simpson, R.L. (2004). Effects on Communicative Requesting and Speech Development of the Picture Exchange Communication System in Children With Characteristics of Autism [rafræn útgáfa]. *Journal of Autism and Developmental Disorders*, 34, 395-409.
- Gray, C. (2004). Social Stories™ 10.0: The New Defining Criteria & Guidelines. *Jenison Autism Journal*, 15, 4, 3-21.
- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. (e.d.a) *Hlutverk Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins*. Sótt 30. nóvember 2007 af [http://www.greining.is/greiningarstod.nsf/pages/umgrst\\_hlutverk.html](http://www.greining.is/greiningarstod.nsf/pages/umgrst_hlutverk.html)
- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. (e.d.b) *Drög að starfsreglum um frumgreiningu vegna einhverfurófsraskana*. Sótt 6. desember 2007 af [http://www.greining.is/greiningarstod.nsf/HtmlPages/Frumgreiningeinhverfurofsraskana/\\$file/frumgreining%20einhverfurófsraskana.pdf](http://www.greining.is/greiningarstod.nsf/HtmlPages/Frumgreiningeinhverfurofsraskana/$file/frumgreining%20einhverfurófsraskana.pdf).

## Heimildaskrá

- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. (e.d.c). *Foreldranámskeið*. Sótt 10. mars 2008 af [http://www.greining.is/greiningarstod.nsf/pages/efnifor\\_serstokforeldra.html](http://www.greining.is/greiningarstod.nsf/pages/efnifor_serstokforeldra.html).
- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. (e.d.d). *Önnur námskeið*. Sótt 14. apríl 2008 af [http://www.greining.is/greiningarstod.nsf/pages/namskeid\\_i\\_bodi.html](http://www.greining.is/greiningarstod.nsf/pages/namskeid_i_bodi.html).
- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. (1999). *Þjónusta við börn og ungmenni með einhverfu*. Reykjavík: Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.
- Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. (2006). *Viðmið um þjónustu við börn með röskun á einhverfurófi*. Sótt 10. mars 2008 af <http://www.greining.is/greiningarstod.nsf/pages/efnifagf.html>.
- Harris, S. L. og Weiss, M. J. (1998). *Right from the start : behavioral intervention for young children with autism : a guide for parents and professionals*. Bethesda, MD : Woodbine House.
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins. (e.d. a). *Heilsuvernd barna*. Sótt 30. nóvember 2007 af <http://www.heilsugaeslan.is/?PageID=32>
- Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins. (e.d. b). *Þroska- og hegðunarsvið*. Sótt 30. nóvember 2007 af <http://www.heilsugaeslan.is/?PageID=26>
- Hohmann, M. og Weikart, D.P. (1995). *Educating Young Children*. Ypsilanti, Michigan: High/Scope Press.
- Hrafnhildur Sigurðardóttir. (e.d.). *Málþroski*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

## Heimildaskrá

- Humphrey, N. og Parkinson, G. (2006). Research on interventions for children and young people on the autistic spectrum: a critical perspective [rafræn útgáfa]. *Journal of Research in Special Educational Needs*, 6, 76-86.
- Ingólfur Sveinsson og Anna Björg Aradóttir. (2007). *Svefn er næring*. Sótt 15. mars 2008 af <http://www.landlaeknir.is/?PageID=705>.
- Jones, M. (1993). *Leikir og leikföng fyrir börn frá fæðingu til fimm ára aldurs* (Álfheiður Kjartansdóttir þýddi). Reykjavík: Mál og menning.
- Katrín Davíðsdóttir. (2004). Að rata um frumskóginn. *Læknablaðið*, 90, 739-740.
- Lög um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins nr. 83/2003.
- Lög um leikskóla nr. 77/1994.
- Lög um málefni fatlaðra nr 59/1992.
- Martin, G. og Pear, J. (1999). *Behavior Modification: What It Is and How To Do It* (6. útgáfa). Upper Saddle River, New Jersey: Prentice Hall.
- Menntamálaráðuneytið. (1999). *Aðalnámskrá leikskóla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Midence, K. og O'Neill, M. (1999). The experience of parents in the diagnosis of autism [rafræn útgáfa]. *Autism*, 3, 273-285.
- Morris, L.R. og Schulz, L. (1989). *Creative Play Activities for Children With Disabilities* (2. útgáfa). Champaign, Illinois: Human Kinetics Books.
- Noens, I. og van Berckelaer-Onnes, I. (2004). Making Sense in a Fragmentary World: Communication in People with Autism and Learning Disability. *Autism*, 8, 197-218.



## Heimildaskrá

- Panzarino, P.J. (2007). *What are the signs and symptoms of poorly managed stress?* Sótt 15. mars 2008 af <http://www.medicinenet.com/stress/page3.htm>.
- Petersen, E.A. (1996). *A Practical Guide to Early Childhood Planning, Methods, and Materials*. Massachusetts: Allyn & Bacon.
- Quill, K.A. (1997). Instructional Considerations for Young Children with Autism: Ther Rationale for Visually Cued Instruction [rafræn útgáfa]. *Journal of Autism and Developmental Disorders*, 27, 697-714.
- Rand, B. (2001). *Hvernig maður skilur fólk sem er öðruvísi*. Reykjavík: Umsjónarfélag einhverfra.
- Rao, S.M. og Gagie, B. (2006). Learning Through Seeing and Doing: Visual Supports for Children With Autism [rafræn útgáfa]. *Teaching Exceptional Children*, 38, 6, 26-33.
- Reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995
- Reynhout, G. og Carter, M. (2006). Social Stories(TM) for Children with Disabilities [rafræn útgáfa]. *Journal of Autism and Developmental Disorders*, 30, 445-469.
- Savner, J.L. og Myles, B.S. (2005). *Visual Supports*. Kansas: Autism Asperger Publishing Co.
- Scattone, D., Wilczynski, S.M., Edwards, R.P. og Rabian, B. (2002). Decreasing Disruptive Behaviors of Children with Autism Using Social Stories [rafræn útgáfa]. *Journal of Autism and Developmental Disorders*, 32, 535-543.
- Sigrún Hjartardóttir (2003, febrúar). *Skipulögð kennsla og vinnubrögð*. Námskeið á vegum Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Kópavogi.
- Sjónarhóll. (2007). *Bæklingar*. Sótt 14. apríl 2008 af [http://sjonarholl.net/default.asp?sid\\_id=15915&tre\\_rod=015|&tld=1](http://sjonarholl.net/default.asp?sid_id=15915&tre_rod=015|&tld=1).

## Heimildaskrá

- Svanhildur Svavarsdóttir. (2001, nóvember). *Skipulag og markviss boðskipti – málörvun fyrir einhverfa*. Óútgefin námskeiðsgögn.
- Taylor, B.A. og McDonough, K.A. (1996). Selecting Teaching Programs. Í C. Maurice, G. Green og S.C. Luce (Ritstj.). *Behavioral Intervention For Young Children With Autism: A Manual for Parents and Professionals* (bls. 63-177). Austin, Texas: Pro Ed.
- The Sibling Support Project. (e.d.). *What Siblings Would Like Parents and Service Providers to Know*. Sótt 10. mars 2008 af <http://www.siblingsupport.org/publications/what-siblings-would-like-parents-and-service-providers-to-know>.
- The University of North Carolina. (2004). *Division TEACCH*. Sótt 29. mars 2008 af [www.teacch.com](http://www.teacch.com).
- Towbin, K. E. , Mauk, J. E. og Batshaw, M. L. (2002). Pervasive Developmental Disorders. Í M. L. Batshaw (Ritstj.), *Children with Disabilities* (bls 365-387). Baltimore: Paul H. Brookes Publishing Co.
- Tryggingastofnun. (2005). *Stuðningur við barnafjölskyldur*. Sótt 15. apríl 2008 af <http://www.tr.is/tryggingastofnun/utgefid-efni/studningur-vid-barnafjolskyldur/>.
- Tryggingastofnun. (e.d.). *Tryggingastofnun*. Sótt 15. apríl 2008 af <http://www.tr.is/tryggingastofnun/>.
- Umsjónarfélag einhverfa. (2007, mars). *Um félagið*. Sótt 10. mars 2008 af <http://www.einhverfa.is/?id=4&expand=4&PHPSESSID=bcd3e4fca97922c9581bf717452a48fe>.
- University of Michigan. (e.d.). *Alternative Augmentative Communication for Children with Autism: PECS and Sign*. Sótt 17. febrúar 2008 af [http://itemaker.umich.edu/356.kobza/sign\\_language](http://itemaker.umich.edu/356.kobza/sign_language).

## Heimildaskrá

- Weiss, M.J. og Harris, S.L. (2001). *Reaching Out, Joining In: Teaching Social Skills to Young Children with Autism*. Bethesda: Woodbine House.
- Whitaker, P. (2002). Supporting Families of Preschool Children with Autism: What Parents Want and what Helps [Rafræn útgáfa]. *Autism*, 6, 411-426.
- World Health Organization (1993). *ICD-10 Guide for Mental Retardation*. Genf: WHO.